

13. nóvember 2015

Fyrirspurn um stöðu Tónlistarsafns Íslands

Vegna umræðu um stöðu Tónlistarsafns Íslands kallar Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna - ICOM eftir upplýsingum um hvernig ábyrgðaraðilar og eigendur Tónlistarsafnsins hyggjast finna safninu farveg til framtíðar.

Íslandsdeild ICOM beinir þeim tilmælum til hlutaðeigandi aðila, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Kópavogsbæjar að þeir skýri starfsgrundvöll Tónlistarsafns Kópavogs. Sú ákvörðun Kópavogsbæjar að fækka starfsmönnum úr tveimur í einn og að leggja skuli niður sýningarstarfsemi þess mun hafa alvarlegar afleiðingar á starfsemi safnsins.

Tónlistarsafn Íslands er viðurkennt safn af hálfu Safnaráðs og er yfirstjórn safnsins skylt að starfa eftir gildandi safnalögum og siðareglum ICOM. Samkvæmt 3. grein íslenskra safnalaga eru söfn „varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.” (141/2011). Í Siðareglum ICOM er einnig lögð áhersla á varanleika safna og ábyrgð forstöðumanns sem skuli hafa fullan aðgang að þeim sem fara með völd. Yfirstjórn safnsins skal aldrei fara fram á að starfsfólk geri neitt það sem talið verður stríða gegn siðareglum þessum eða gegn landslögum eða gegn siðareglum sérfræðinga sem eiga í hlut kunna að eiga (2007).

Hvernig hyggjast yfirvöld safnamála í landinu framfylgja ábyrgð sinni á stofnun safnsins svo varðveislu safnkosts safnsins sé ekki stefnt í hættu um leið og safninu verði tryggð fagleg framgangna á sínu sviði?

Stjórn Íslandsdeildar ICOM